# Sandkorn

## 2000

Grunnskólinn Sandgerði
SKÓLASAFN

# Formaður blaðnefndar segir frá



Halldór Berg Harðarson

Árið er 2000. Og flestum þykja það merk tímamót aðeins fyrir það hversu flott ártal það er. Okkur í blaðanefnd fannst þetta "cool" líka og fannst það gott tilefni til að gera Sandkorn 2000 stærra en nokkru sinni fyrr og það er ekki um ofaukið sagt því blaðið núna er hvorki meira né minna en 42.bls. Það hefði nú mátt skila aðeins meira inn í kassann. Með blaðinu sem kemur út nú er heljarins aukablað: Þemakorn sem blaðasmiðjan í þemavikunni gaf út um Þemavikuna.

Sjáumst heil ef heimsendir er ekki í nánd

Blaðanefnd
Við byrjum náttúrulega á:

| | | Hver er hvað |
|---|---|---|
| Jóhanna | Kt.090300-5451 | Til að halda okkur heilum |
| Halldór Berg | Kt.190300-3321 | Formaður |
| Fríða | Kt.220300-2681 | Eitthvað |
| Rebekka | Kt.120300-3741 | Prófarkalesari |
| Svavar | Kt.230300-5681 | Ekki töffari |
| Bragi | Kt.250300-8561 | Auglýsingarséní |
| Sigurpáll | Kt.350300-4591 | Hönnuður |
| Rúnar | Kt.780300-1231 | Töffari |
| Fríða Dís | Kt.250300-5421 | Iðnmenntaður verkfræðingur |
| Finnbjörn | Kt.450300-7851 | Finnbjörn |





# Nemendaviðtal



NAFN/ALDUR: Kristján Þ. Guðjónsson, 15 ára.

BORÐAR ÞÚ SVIÐASULTU: Já, helst mjög súra.

FERÐU OFT Í BAÐ: 2svar á dag.

LESTU SÍMASKRÁNA: Já, gulu síðurnar.

HVER ER MINNSTI JÖKULL Á ÍSLANDI: Jökullinn í frystinum heima hjá mér.

TRÚIR ÞÚ Á ÁLFA: Nei.

GENGUR ÞÚ Í G-STRENG: Nei, bara samfellu.

UPPÁHALDS KENNARI: Það mun vera faðir minn.

SEFUR ÞÚ Í NÁTTFÖTUM:Nei, ávallt nakinn.

HVAÐ HEITIR SVEITASTJÓRINN Á KÓPASKERI: Þverstæður Langhundsson.

DRAUMSPRINSESSA: Jennifer Lopez.

HVAÐ MANNESKJU HRÆÐISTU MEST: HJÁLMAR!

TEKURU LÝSI:Nei, bara kreatín.

VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM: Nei,nei.

# Nemendaviðtal



**NAFN/ALDUR:** Nína Ósk Kristinsdóttir, 15 ára.

**BORÐAR ÞÚ SVIÐASULTU:** Nei.

**FERÐU OFT Í BAÐ:** Já.

**LESTU SÍMASKRÁNA:** Nei, það geri ég ekki.

**HVER ER MINNSTI JÖKULL Á ÍSLANDI:** Ég veit það ekki.

**TRÚIR ÞÚ Á ÁLFA:** Já.

**GENGURU Í G-STRENG:** Nei.

**UPPÁHALDS KENNARI:** Ósk saumakennari.

**SEFUR ÞÚ Í NÁTTFÖTUM:** Já.

**HVAÐ HEITIR SVEITASTJÓRINN Á KÓPASKERI:** Steindór Sigurðsson.

**DRAUMAPRINS:** Billy í Nágrönnum.

**HVAÐ MANNESKJU HRÆÐISTU MEST:** Enga.

**TEKURU LÝSI:** Nei.

**VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM:** Elskið lífið, þá mun lífið elska ykkur.

# „Í skýjum skemmti ég mér"

## Skýjaborg 2000

Föstudagurinn 19. nóvember 1999 er merkilegur dagur. Hann er nefnilega sá síðasti í langan tíma þar sem allar tölurnar í dagsetningunni eru oddatölur. Samkvæmt okkar útreikningum verður næsti svona dagur árið 3111. Í Sandgerði er þessi dagur þó sérstaklega merkilegur því þá opnaði félagsmiðstöðin Skýjaborg í nýju húsnæði við Stafnesveg. Þvílík bylting.

Opnunardagurinn var sérstakur. Hjálmar varaformaður klippti á borðann, Hjördís formaður hélt ræðu, Halldór Berg lék á gítarinn og Óttar var kynnir og spilaði líka undir hjá Daggrós sem söng með englaröddu. Allt var fullt af gestum. Blaðamenn, gamlir starfsmenn, fólk úr öðrum félagsmiðstöðvum, fulltrúar úr Grunnskólanum, bæjarfulltrúar, gamlir nemendaráðsformenn og fullt af ungum Sandgerðingum skemmtu sér konunglega og gæddu sér á girnilegum veislufönguin. Félagsmiðstöðin fékk góðar og skemmtilegar gjafir og þeir heppnu fengu koss (Hjördís fékk þá flesta).

Nýja húsnæðið lét þó bíða eftir sér. Fyrst átti það að vera tilbúið í maí, síðan í ágúst, svo í september og eftir nokkra annasama daga í nóvember var loksins opnað. Fram að opnun fór starfið fram í gömlu Skýjaborg í Samkomuhúsinu og í hvert skipti sem haldið var diskótek héldum við að það væri það síðasta. Við héldum, kveðjudiskótek, draugadiskótek og venjulegt diskótek áður en við fluttum. Það skemmtilegasta var þó óvissuferð sem var farinn 15. október fyrir árgang 1984 í nafni SamSuð. Í ferðinni var Krísuvíkurleiðin keyrð, farið í Raufarhólshelli og síðan farið í heimsókn í félagsmiðstöðina í Þorlákshöfn. Fín ferð (spurning hvort DJ Óli Jó verði plötusnúður á næstu árshátíð barna á Suðurlandinu).

Eftir flutninga höfum við síðan brallað ýmislegt skemmtilegt. Það byrjaði glæsilega þegar borðtennslið Skýjaborgar (Sveinbjörn, Þór og Guðni Magnús) bar sigur úr býtum á Borðtennismóti SamSuð 1999 sem fór fram í Vogum. Aldamótahópur Skýjaborgar sá um að engum leiddist á stórmerkilegum viðburði í brjáluðu veðri (spyrjið bara kónginn Svavar II).

Það fór fram hellingur af karaoke. Í Skýjaborg tryggði Rebekka sér titilinn Karaokemeistari Skýjaborgar 2000 enn einu sinni. Hún skellti sér svo í Stapann ásamt fleira fólki til að taka þátt í Karaokekeppni SamSuð og viku síðar stóð hún á sviðinu í Ásgarði í Garðabæ sem fulltrúi Skýjaborgar á Söngkeppni Samfés.

Billiardmenn og konur kepptu í Skýjaborg í janúar og þau bestu fóru og tóku þátt í billiardkeppni SamRek í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Foreldrar komu í heimsókn og kíktu á Skýjaborg á foreldrakvöldum í síðustu viku fyrsta mánaðar nýrrar aldar. Náttfatadiskótek var svo skemmtilegt að íbúar við Stafnesveginn hafa ákveðið að fara allir saman á hótel næst þegar það verður haldið. Hlaupatek fyrir 4.-7. bekk fauk á haf út í brjáluðu veðri og verður endurtekið áður en skólaárinu lýkur.

Hmmm-kvöld var haldið í fyrsta skipti í febrúar og þá komu góðir gestir úr Hafnarfirði sem ræddu um einelti og með þeim í för var kyntröllið Hreimur sem hélt uppi einstakri stemningu langt fram á kvöld. Árshátíð Grunnskólans fór fram í Samkomuhúsinu og tókst frábærlega, þökk sé glæsilegum unglingum í Sandgerði sem skemmtu sér konunglega við undirleik DJ Svala.

Samfésballið í Hafnarfirði var skemmtilegt. Á öskudaginn var kötturinn sleginn úr tunninni í Íþróttamiðstöðinni og skrautlegt öskudagsdiskó fór fram í Skýjaborg. Níundubekkingar dönsuðu sig til Danmerkur í maraþondansi og nú síðast fóru fram vel heppnuð stráka- og stelpukvöld.

Vonandi eru ekki 1111 ár í það að næsti stórviðburður í félagslífi unglinga í Sandgerði eigi sér stað. Skýjaborg er komin á skrið og á enn eftir að batna. Loksins hafa unglingar í Sandgerði eignast félagsmiðstöðina sem þá hefur dreymt um. Framtíðin er björt.

**Með ýktri kveðju,**

*Óli Þór, Berglind, Binni, Fanney og Hildur*

# Hverjir voru valdir hvað?

Ungfrú Sandgerðisskóli: *Iðunn 10.S.F.*
Herra Sandgerðisskóli: *Óli Jó 10.S.F.*
Augu ársins: *Gulla 10.S.F.*
Hár ársins: *Silja 9. E.S.G.*
Varir ársins: *Sigurleif 10.R.G.*
Bros ársins: *Daggrós 10.S.F*
Kroppur ársins: *Óskar 10.S.F*
Félagsvera ársins: *Óttar 10. R.G.*
Dúlla ársins: *Hjördís 10.S.F.*
Frekja ársins: *Silja 9.E.S.G.*
Egoisti ársins: *Ingimundur 10.R.G.*
Baywatch gella: *Rebekka 10.R.G.*
Baywatch gæi: *Óskar 10.S.F.*
Gúmmígella: *Bergþóra 9.E.S.G.*
Gúmmígæi: *Kjartan 9.R.Ö.J.*
Kynþokkafyllsta gellan: *Fríða 10.S.F.*
Kynþokkafyllsti gæinn: *Gummi 10.R.G.*
Fatafrík: *Sigurleif 10.R.G.*
Íþróttafrík: *Rebekka 10.R.G.*
Fjörkálfur: *Viggi 10.S.F.*
Hrakfallabálkur: *Hrafnhildur 8.Þ.G.*
Athyglissjúkasta manneskjan: *Silja 9.E.S.G.*
Vinsælust: *Hjördís 10.S.F.*

# Krossgáta




| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S | A | N | D | K | Ó | R | N |

Ekki er gerður greinarmunur á breiðum og mjóum sérhljóðum

# DANMERKURFERÐ

Þann 16. maí n.k. hefur verið ákveðið að 9. bekkur fari út til Danmerkur. Krakkarnir í 9. bekk hafa verið duglegir við að safna. Þau hafa t.d. farið að selja þvottaefni, geisladiska, salernispappír, eldhúsrúllur,uppþvottalögur, smákökur og pizzur. Einnig hefur verið haldið bingó, seldar kökur í Húsasmiðjunni og haldið dansmaraþon.

Við í blaðanefnd óskum 9. bekk góðrar ferðar (sérstaklega Braga og Svavari)

Samvinnuferðir
Landsýn

# BRANDARAR

Tveir strákar voru að rífast um hvor pabbi þeirra hafa drepið frægari mann. Pabbi minn drap JFK en pabbi minn drap Freddy Mercury.

Einu sinni var kókómjólk,hún var úti að labba, allt í einu sá hún jarðaberjasvala.
Og þau fóru að tala saman,svo fóru þau að hugsa, og nú versla þau alltaf í 10 11 og eru snögg að því.

Höf: DAGGRÓS OG ERLA 10.SF

Einu sinni var kall sem hét Faðir Abraham og hann átti sjö syni. Og þeim fannst rosa gott að borða kjöt og öl, þannig að þeir fóru að hugsa og nú versla þeir bara í 10 11 og eru snöggir að því. En stundum fara þeir á SPOTLIGHT og semmta sér konunglega.

Höfundar:DAGGRÓS OG ERLA 10.SF

Doddi fékk að fara í bað með mömmu sinni.
__DODDI__: Hvað er þetta sem hangir framan á þér?
__MAMMAN__: Spurðu pabba þinn.
Næsta dag fór hann og spurði pabba sinn.
__DODDI__: Pabbi, hvað er þetta sem hangir framan á mömmu?
__PABBINN:__ Þetta eru blöðrur. Þegar mamma þín deyr verður blásið í blöðrurnar og hún flýgur upp til himna. (Næsta dag)
__DODDI__: Pabbi, pabbi. Mamma er dáinn.
__PABBINN__: Hvaða vitleysa ,af hverju segirðu það.
__DODDI__: Af því að Siggi frændi er að blása í blöðrurnar.

Amey ehf.

# TEKIÐ TAL Á MEISTARA.



Nafn: Guðjón Þorgils Kristjánsson.

Fæðingardagur/ár: 20.ágúst 1948.

Bíll: Mazda 323

Hvar ertu uppalinn: Bolungarvík.

Hefurðu verið einhversstaðar annarsstaðar við kennslu:

Já ,Akranesi og Reykjavík.

Draumahús: Lítið sætt hús á Spáni.

Draumabíll: Mazda 323.

Maki: Ólöf Björgvinsdóttir

Börn: Björgvin,Sæunn og Kristján.

Ef þú værir ekki skólastjóri hvað þá: Það veit Guð.

Hvað hefur þú verið skólastjóri lengi: 14 ár

Hvernig líkar þér við nemendur Grunnskóla Sandgerðis: Undartekningarlaust vel.

Besta bíómynd: Gaukshreiðrið.

Besti sjónvarpsþáttur: Fréttir og íþróttir.

Besta leikkona: Vanessa Radgrave.

Besti leikari: Dustin Hoffman.

Besta hljómsveit/söngvari: The Beatles.

Besta lag: My guitar e. Georg Harrisson.

Uppáhalds íþrótt: Knattspyrna.

Menntun: Enskudeild H.Í-kennaraháskóli Íslands.

Mottó: Segðu ekki allt sem þú hugsar - Hugsaðu um allt sem þú segir.

Viltu segja eitthvað að lokum: Gangi ykkur vel með blaðið.

Brandarar.

Einu sinni voru slöngur úti að labba. ein slangan sagði. ,,Erum við eitraðar?"
Þá sagði hin slangan. ,,Já, því spyrðu?"
Því ég beit í tunguna mína.

Strákurinn: ,,Afhverju er himininn blár?"
Afinn: ,,Sérðu ekki að sólin er að setjast og himinin er rauður"

Pála Ólöf í 6-Þ.B.T

Strákurinn: ,,Pabbi, ég get hoppað hærra en hús"
pabbinn: ,,Hvaða vitleysa barn"
Strákurinn: ,,Jú víst. Hús geta ekki hoppað"

Mörgæs kom í búð og spurði:
,,Eruð þið með ís?"
Afgreiðslukonan: Nei.
Mörgæsin kom aftur daginn eftir og spurði:
,,Eruð þið með ís?"
Afgreiðslukonan: ,,Nei, ef þú kemur aftur og spyrð um ís þá hengi ég þig upp á nagla"
Mörgæsin kom aftur þriðja daginn og spurði:
,,Eruð þið með nagla?"
Afgreiðslukonan: ,,Nei"
Mörgæsin: ,,En eruð þið með ís?"

Hrefna Kristinsdóttir í 6-R.G.

# Stuttar fréttir

## Upplestrar keppni

Upplestrarkeppni grunnskólanna var haldin miðvikudaginn 15.mars í Njarðvíkurkirkju fyrir 7.bekk. Mánudaginn þar á undan höfðu verið valdnar þær Katrín og Íris til að fara fyrir hönd Grunnskóla Sandgerðis, og lenti **Katrín Pétursdóttir** í fyrsta sæti í keppninni. Glæsilegur árangur þar.

## Lestrarátak

Það er greinilegt að það hefur verið Lestraátak í skólanum. Lesi Lesi Les. Lesa fyrstu 10 mín í öllum íslensku tímum. Og öllum ensku tímum á að lesa enskar léttlestrar bækur í stórum stíl. Og á endanum var ekki nógu mikið úrval á bókasafninu og Þórunn þurfti að koma með bækur að heiman til að bekkirnir sínir gætu lesið

## Skriftarátak í Grunnskólanum

Þann 7 feb. byrjaði skriftarátak í skólanum sem stóð yfir í viku. Allir bekkir frá 1.-9.bekk tóku þátt. 14 feb voru síðan afhendar viðurkenningar til allra fyrir þátttöku og verðlaun fyrir bestu skrift og mestu framfarir. í verðlaun voru skrúf-blýantar. Af sögn kennara fóru flestum nemendum mjög svo fram í skrift.



Þessi mynd er hérna af þeirri einni ástæðu til að gera þessa síðu fallega

## Stærðfræðikeppni

Þann 19. febrúar var haldin stærðfræði-keppni grunnskóla á Suðurnesjum. Hún var haldin í Fjöl-brautarskóla Suður-nesja fyrir 8-10 bekk. Fóru nokkrir úr Sandgerði en alls voru 80 nemendur í keppn-inni. Viku eftir eða næsta Laugardag var verðlaunaafhending. Þá hafði öllum nemendum sem þátt höfðu tekið í keppninni verið tilkynnt í hvaða sæti þau hefðu verið í keppninni. Fyrstu 10 kepp-endunum var boðið til verðlaunaafhendingar í fjölbraut. Fyrstu 3 sætin fengu peningaverðlaun frá Ís-landsbanka og bakpoka. Þetta er önnur stær-fræðikeppni sem haldin hefur verið.

# Árshátíð eldri bekkinga

Var haldin í febrúar síðastliðnum nánartiltekið þann 23 á miðvikudegi fyrir 7 til 10. bekk. Þar voru margir prúðir og góðir og sýndu sína bestu hlið á sviði. Hver bekkur fyrir sig hélt sitt atriði og nokkur aukaatriði. Þar á meðal voru tilnefningar ársins, 9. bekkurinn tilnefndi 10.bekkinn til allskonar fáranlegra tilnefninga og fleira. Þegar það var allt saman búið þá var haldið frábært diskó þar sem DJinn Svali (Sigvaldi Kaldalóns) af Fm 957 dídjeiaðist langt fram á nótt, eða til korter yfir tólf.









# Hvað verður um 10. bekkinn?

Ástþór: Hann mun sækja um í Fóstbræðrum en þeim mun ekki lítast nógu vel á húmorinn hans og neita honum um inngöngu. Þá fær hann vinnu í Stundinni okkar við að tala inn á fyrir kisuna Kela.

Daggrós: Hún mun gera allt vitlaust á Grammy verðlaunahátíðinni árið 2015 (þ.e. 31 árs) með lagið Torn. Hún mun giftast Sveinbirni því að hann mun eignast svo mikla peninga.

Erla Dögg: Hún mun yfirgefa elskulega hundahótelið sitt og leika í breskri sápuóperu , þar sem hennar breski hreimur mun fá að njóta sín. Hún giftist svínabónda.

Fríða: Hún verður „heimsfrægur" danskennari og mun verða með heitasta dansskóla landsins. Sá skóli mun bera nafnið „DANS ÓSKARIÓ". Hún mun síðan fá leið á dansinum og leitará vit ævintýranna en endar fyrir algjöra slysni í Arabíu, giftist olíufursta og lifir góðu lífi í kvennabúri hans.

Guðni Svavar: Hann stofnar rapphljómsveit sem mun heita Svartir kollar. Hann giftist ungri fallegri stúlku sem er 15 árum yngri en hann. En aldur er afstætt hugtak þegar ástin er annarsvegar.

Hjördís Ýr: Verður alltaf með gatið í vörinni og hún mun ekki giftast, en þó alltaf í endalausum samböndum með einhverjum vandræðagemlingum.

Iðunn Ýr: Hún mun gefast upp á Gísla, því að hann tekur bílana sína svo langt um fram fyrir hana. Þá finnur hún gæja sem ferðast eingöngu á línuskautum og þau fara saman hringinn í kringum Ísland til að kynna nýju Bauer línuskautana. (Iðunn mun aldrei vinna)

Inga Guðlaug: Draumurinn hennar um að farða fólk mun svo sannarlega rætast. En hún mun ekki fá að farða venjulegt fólk, eingöngu dragdrottningar. Hún mun giftast einum af kúnnunum sínum. (s.s. dragdrottningu)

Jóhann: Kemst í heimsmetabók Guinnes vegna þess að hann lyfti svo miklu í kraftlyftingakeppni Íslands.

Óli Jó: Hann mun taka við af pabba sínum í dúfubisnessinum en tekur það miklu alvarlega. Hann flytur með þær upp í sveit og hver veit í hvaða ástarsambandi hann mun eiga við þær.

Óskar Ingi: Verður fyrirsæta, því miður ekki í andlitsmyndum, heldur verða eingöngu sýndar tærnar á honum því að hann mun kynna krem sem mun taka vörtur af tám. Hann mun græða mikið af peningum.

Sveinbjörn: Hann mun dreyma um að verða merkismaður í samfélaginu, en svo býðst honum starf sem þjóðminjasafnsvörður og hann tekur því strax. Hann mun lifa rólegu lífi með konu sinni og fimm börnum. Þau vinna svo í Lottó.

Vignir Hrannar: Hann verður spikfeit karlremba sem nennir ekki að gera neitt ef það er ekki fyrir hann sjálfan. Lífið mun bara snúast um hann og hann verður að sjá hvern einasta fótboltaleik sem sýndur er. Konan hans endar inni á Klepp því hann gengur alveg frá henni.

Arna Vala: Heldur fram hjá Vidda með indverskum manni sem er jógakennari hennar. Hún verður kvennabaráttukona og mun ekki láta karlmenn vaða yfir sig, hún mun vaða yfir þá!

Guðlaug Hulda: Lendir í 1. sæti í keppninni Miss perfect því hún er jú PERFECT. Hún mun ekki giftast því að enginn er nógu góður fyrir hana.

Guðmundur Adam: Verður stærðfræðisnillingur. Eitt skipti lætur hann ÓVART taka myndir af sér fyrir Playboy, því allir vita að hann er svo getnaðarlegur.

Helgi: Hann verður myndlistarkennari í Grunnskólanum í Sandgerði. Hann mun skilja 11 sinnum en mun finna stóru ástina sína á elliheimilinu, og verða þau hamingjusöm.

Hrafn Ingi: Verður kennari, fetar í fótspor mömmu sinnar. Hann hannar skopparaföt í sínum frístundum. Hann mun líka auglýsa í sjampóauglýsingum fyrir fallegt hár. En í frístundum mun hann kafa ofan í klósett, en það er það sem honum langaði til síðan hann var barn.

Ingimundur: Verður mesta kjaftatík í Sandgerði. Hann fer til Tælands og kemur aftur með konuefni sitt. En sjaldan hefur sést annað eins flykki.En það er bara betra fyrir hann því þá er MEIRA TIL AÐ ELSKA.

Jóna Guðlaug: Hún verður meikframleiðandi. Það mun fela öll séreinkenni í andlitinu. Bara hafa það nógu þykkt. Hún mun alltaf taka þátt í Kvennahlaupinu.

**Óttar Guðbjörn:** Verður frægur gítaristi og mun endurgera myndina The wedding singer. En að lokum fer hann yfir um af stressi og fer í einfaldari vinnu hjá Egils við að blanda jólaölið fyrir hvert ár í senn.

**Rebekka:** Þegar Rebekka hætti í Grunnskólanum var hún svo gáfuð að hún þurfti ekki að fara í framhaldsskólann heldur fór beint í Fjarnám í MIS , Háskóla í Bandaríkjanum og með námi vinnur hún sem erobikk leiðbeinandi í Íþróttamiðstöðinni.

**Sigurleif:** Verður arkitekt við að hanna klósett sem sturta niður að sjálfu sér og lokast þegar þú stendur upp. Margir kvarta um þessa hönnun.

**Stella**: Verður magadansmær á Vegas um helgar. En aðalvinna hennar verður bjórfyrirtækið hennar Miller special og mun bjórinn fá góðar undirtektir í heiminum.

**Svanhildur Una**: Mun fá draumastarfið sitt að vinna á club casino. Hún mun giftast ríkasta manni Íslands. Hún mun ekki eignast nein börn vegna þess að hún verður of hrædd um að vaxtarlagið muni breytast.

**Vilhjálmur Arndal:** Hann verður körfuboltasnillingur en hættir þegar hann misteig sig í úrslitaleiknum. Eftir það verður hann sögukennari og tamningarmaður. Hann finnur upp sérstakt "leikfang" sem bæði notast börnum og fullorðnum. Börnin nota það sem sippuband en fullorðnu nota það í örlítið grófari leiki.



# NEMENDASKOP

**BERGÞÓRA:** Er ég eitthvað öðruvísi en þið?

**VIGGI:** Ég er ekki ANDFÚLL!!!!!!

**KJARTAN:** Af hverju eru þið ekki jafn fullorðinsleg og ég? Af hverju eru þið ekki jafn cool og ég? Af hverju.........

**ARNA VALA:** Ég er ekki hneykslipíka og ég er ekki FREKJA! ☹

**ERLA:** So, hvað með það? Það eru til samkynhneigðir í heiminum.

**ÓLI JÓ:** Þið vitið að ÉG var valinn herra Skýjaborg og herra Sandgerðisskóli þannig að ÉG er FLOTTASTUR!

**ÞÓR:** Sendið mér SMS, svara öllum. Síminn hjá mér er 6968270

**ANDRÉS M:** Þeir eru töff sem versla í Töff!!

**SILJA:** Ég er að spá í að raka af mér hárið. Ég nenni ekki að fá verðlaun fyrir flottasta hárið aftur.

**ÁSTÞÓR:** Á ég að berja ykkur öll? ! ! !

**ÁSTA RÓS:** I´m a barby girl.

**EYDÍS:** Ég er svo athyglissjúk!

**INGIMUNDUR:** Nína, ef þú vilt bíða eftir mér, get ég gefið þér MIG að gjöf.

**REBEKKA OG FRÍÐA:** GERIÐ EITTHVAÐ UM OKKUR !!!!!!!!

**KATRÍN:** Sko, ég er í nemendaráði og mér finnst ég alveg ógeðslega flott!!!!!!

# INNSENT EFNI:

## Einn af menningararfi okkar Sandgerðinga.

Ágætu bæjarbúar,

Væri nú ekki gaman að viðhalda gamla tímanum og tryggja gamla sögu fyrir þeim sem yngri eru. Okkur var hugsað til allra gömlu húsanna sem eiga sér nafn. Maður heyrir mæður okkar og feður, ömmur okkar og afa kenna fólk við húsin t.d. Diddi í Nesjum, Júlli í Ásbyrgi, Hanni á Hæðarenda o.s.frv.

Okkur datt því í hug hvort það væri nú ekki ráð að viðhalda þessu með merkingu húsanna sem sumir hafa þó gert s.s. Sólbakki, Fagurhóll, Bjarg, Sjónarhóll og fleiri.

Það sem okkur kom á óvart var hversu mörg hús þetta eru og kannski höfum við ekki komist yfir öll en látum þó fylgja hér með þau nöfn sem við vitum um og gaman væri að sjá hvort einhverjir hafi gaman af þessu eins og við og merkji húsin sín.

Við teljum að þetta sé mjög dýrmætt fyrir framtíðina svo við tölum ekki um augnayndi fyrir okkur Sandgerðinga.

Með kærri kveðju,

Gróa Axelsdóttir.
Jóhanna Þórunn Egilsdóttir.

<u>Heimildir:</u> Jóna Guðrún Bjarnadóttir (GERÐI)
Sandgerðisbær, Gerður Ingimarsdóttir.

Fagraland -Austurgata 1.
Skeiðflöt-Austurgata 3b
Þórshamar-Austurgata 7

Bjarmaland-Bjarmaland 6

Skeljaberg - Brekkustígur 2.
Brautarholt - Brekkust. 4.

Frón - Brekkustígur 6.
Fagurhóll - Brekkustígur 8.
Bjarg - Brekkustígur 10.
Tunga - Brekkustígur 11.
Aðalból - Brekkustígur 12.
Lyngholt - Brekkustígur 13.
Gerði - Brekkustígur 14.
Sólris - Brekkustígur16.

Holt - Brekkustígur 18.
Hvammur - Brekkustígur 20.

Gunnarshólmi - Hafnarg. 17.
Sóleyjartunga - Hafnarg. 19

Varmahlíð - Hlíðargata 2.
Lækjarmót - Hlíðargata 33.

Hraungerði - Holtsgata 2.

Hæðarendi - Klapparst. 2.

Birkihlíð - Norðurgata 15.
Varmaland - Norðurgata 20.
Gilsbakki - Norðurgata 21.
Bergholt - Norðurgata 22.
Breiðholt - Norðurgata 24.

Hlíðarhús - Sólheimar 9.

Reynistaðir - Stafnesv. 10.
Vinaminni - Stafnesvegur 14.
Bárugerði - Stafnesv. 22.
Bæjarsker - Stafnesv. 34.

Baldurshagi - Suðurgata 1.
Hagi - Suðurgata 5.
Hvoll - Suðurgata 8.
Geirland - Suðurgata 9.
Stórhöfði - Suðurgata 10.
Ás - Suðurgata 11.
Sæhvoll - Suðurgata 12.
Staðarfell - Suðurgata 14.
Stíghús - Suðurgat 15.
Lágafell - Suðurgata 16.
Borg - Suðurgata 27.
Lambastaðir - Suðurgata 29.

Sjónarhóll- Tjarnargata 2.
Höfn- Tjarnargata 6.

Breiðablik - Tjarnargata 8.
Sigtún - Tjarnargata 10.
Selland - Tjarnargata 11.
Hlíð - Tjarnargata 12.
Tjarnarkot - Tjarnarg. 17.

Björk - Túngata 6.
Hjarðarholt - Túngata 19.
Sólvellir - Túngata 21.

Ásbyrgi - Uppsalavegur 1.
Uppsalir - Uppsalavegur 8.

Þrastarlundur - Víkurbraut 1b.
Sæból - Víkurbraut 2.
Fell - Víkurbraut 3.
Sandvík - Víkurbraut 5.
Staðarbakki - Víkurbraut 7.
Landakot - Víkurbraut 9a.
Vík - Víkurbraut 9.
Akur - Víkurbraut 13.
Krókskot - Víkurbraut 15.
Sunnuhvoll - Víkurbraut 17.

Arnarhóll
Ásgarður 1
Austur-Stafnes
Bali
Flankastaðir
Hafurbjarnarstaðir
Hólabrekka
Hólkot
Hólshús
Klöpp
Nýlenda 1
Nýlenda 2
Norður- Flankastaðir
Norðurkot
Fuglavík
Setberg
Vestur-Stafnes

# UNNUR ÓSK

Unnur Ósk er en sylærer i skolen i Sandgerði. Hun har arbjedet der siden 1974.

Unnur Ósk er født i Sandgerði men hun blev opbraget i Reykjavík. Hun flyttede til Sangerði da hun var 42 år gammel og begynte at undersøge i Grunnskólanum i Sandgerði. I den tid var der kun 6 lærerer i Grunnskólanum i Sandgerði. Ósk begynte sin læretid med første klasse og undersøgte den de næste 15 år. Men da begynte hun at arbejde som sylærer. Ósk er 68 år gammel men arbejder endnu fuld arbejdsdag. Hun synes det lige så sjovt at undervise alle klasser. Da hun beslutter vil hun spile mere golf.

Ósk var en at dem som oprettede Golfklub Sandgerðis, men Ósk er meget intereseret i golf . Ósk var kun 19 år gammel da hun gifte sig. Hendes mand hedder Bjarne men død året 1981. De havde en pige sammen som hedder Guðbjörg.

Ósk synes at hendes familie og hendes helbred er det vigtigeste i hendes liv.

Ósk er meget taknemmelig for det livet har givet hende.

Frida, Iðunn, Erla og Óli

# Vores skolebestyrer

Hann hedder Guðjón Þ. Kristjánsson fødselsdag er 20. august 1948 og hans stjernebillede er løve.
Han er opdragete i Bolungarvík. Hans kone hedder Ólöf Björgvinsdóttir og de har tre børn, de hedder Björgvin, Sæunn og Kristján.
Han har arbejder som: butiksmand, maler, sømand, arbejder, lærer, viceinspektor og nu arbejder han som skolebestyrer og undirviser i Grunnskóli Sandgerðis, og han synes de meget morsomt. Hans drømmearbejde er hans arbejde som han har hver gang.
Han har læreruddannelse og han har også studerer engelsk på Háskóli Íslands.
Guðjón kører på Mazda men nor vi spørgte om hans drømmebil han svarede: Bara bilen som kører mig derhen jeg vil gå.
Dengang Guðjón var en lille dreng sætte hans lærer han ved siden på en pige i skolen, men Guðjón test det var meget nedværdigende men hans bedste tide i livet var hans bryllup og hans børns fødsel.
Hann siger at det smukkede sted han ved om er Husquarna i Sverige men hans drømmested er nogen sted í østen, han siger at de er anelse kineser i hann. Vi spørgte han om hver var de smukkeste mennesker han har se udenfor hans ægtefælle, han svarede: skønhed kommer innenfrå og de er mange mennesker smkukker i de forståelse.
Hans favorit legemsdel er hjerne til at tage med ser en forestilling gul bra bra i bade.
Han bruger en violet tandbørste og han bruger Colgate tandpasta.
Guðjón er mangesidig men hovedsagelig ved at tegne og bruger viser.

Ottar G.B.
Villi A.
Svanhildur UNA
Guðlaug Hulda

# HREIMUR Í LANDI OG SONUM



Hver eru þín áhugamál: Kærastan mín, fótbolti, tónlist, snóker og fleira.
Voru Land og synir þín fyrsta hljómsveit: Nei. # 2.
Hefur þú einhvern tíma æft söng eða á hljóðfæri: ÆFT, já. En aldrei lært.
Hvernig fór fyrsta giggið? Eitthvað skondið sem gerðist: Nei svo sem ekki. En við vorum með svo fá lög að við þurftum að endurtaka helling.
Menntaðir þú þig eitthvað eða fórstu beint út í þennan bransa: Hálfnaður með stúdentinn.
Hefur þú unnið við einhver önnur störf en söng: Bara í sveitinni - vinnuvélar.
Getur maður unnið aðra vinnu þegar maður er í svona vinsælli hljómsveit eins og þið eruð: NEI!!! Ekki séns.
Átt þú þér einhverja fyrirmynd: Nei, ekki sérstaklega.
Nú spilið þið í Landi og sonum frekar fjölbreytta tónlist. En hvernig tónlist þykir þér skemmtilegust: Life, Pearl Jam, Sálin, pönk, og svo auðvitað svona íslensk tónlist.
Hvað tekur svona ca. langan tíma að semja lag og þróa það: Það er svo misjafnt.Það getur tekið allt frá bara nokkrum mínútum að semja það, en svo getur það farið alveg upp í 2 - 3 sólahringa ef það á að taka það upp og allt það. Það er svo misjafnt.
Fjalla textarnir um eitthvað úr raunveruleikanum, eins og t.d. Örmagna? Er það um eitthvað sérstakt: Nei, nei.
Af hverju " Herbergi 313 ": Því að við tókum svo oft upp erlendis. Og þá lentum við oft á herbergi 313.
Varst þú einn af þessum feimnu, lokuðu strákum í skóla, eða var líf í þér: Ég var ekki feiminn. Kannski bara við stelpurnar. En annars átti ég alltaf mjög auðvelt með að tjá mig.
Hvaða ráð gefur þú þeim sem langar til að stofna hljómsveit og komast langt: Æfa, æfa, æfa! Það gerði ég.
Hver er Hreimur í sex orðum: Pínulítið kærulaus, áreiðanlegur, aldrei í fýlu.
Hafið þið ekkert pælt í því að fara með tónlistina ykkar á erlendan markað: Við höfum ekkert alvarlega pælt í því. En ef að einhver myndi koma og bjóða okkur það, þá myndi maður örugglega grípa svoleiðis tækifæri.
Veldur frægðin þér einhverjum óþægindum: Já, svona pínulítið. Hringingar að nóttu til, fólk gefur manni svona sérstakt augnaráð þegar maður gengur úti á götu.
Átt þú þér eitthvert uppáhaldslag með Landi og sonum?En svo bara almennt: Með Landi og sonum er það T.d. Fordómar og svo finnst mér lagið An elderly woman..... með Pearl Jam mjög flott.
Viltu segja eitthvað hvetjandi að lokum til ungra aðdáenda og nemenda í Sandgerði: Já. Bara þakka kærlega fyrir mig.

TROS

# Fiskur er hollur

# Pemakorn!!!

Vikan 13-17 mars.













# Þemapistill

Kæru nemendur og Sandgerðingar allir.

Við í Blaðasmiðju höfum í vikunni gefið út þrjú fréttabréf undir nafninu Þemafréttir, sem þið hafið vonandi rekist á.
Við ákváðum að gefa út eitt stórt blað á lokadaginn sem verður hluti af skólablaðinu Sandkorni. Allir hafa lagt sitt af mörkum og hafa smiðjurnar verið mjög duglegar að senda okkur efni.
Við þökkum öllum sem komu með einum eða öðrum hætti við gerð blaðanna.

Hérna sjáið þið afrakstur vinnunnar og vonandi hafið gaman af.

Fréttamenn Blaðasmiðju.

Í miðvikudagsblaði Þemafrétta birtust spurningar um Hallgrím Pétursson. Nemendur sýndu ótrúlegan áhuga og fylltist svarkassinn mjög fljótt. Við þökkum öllum fyrir þátttökuna. Nöfn vinningshafa birtast hér:

Guðbjörg Reynisdóttir
Pála Ólöf Júlíusdóttir
Thelma Dís Eggertsdóttir

# Hallgrímur Pétursson



Svo var sagt af Hallgrími Péturssyni, er hann var á leið með Tyrkja-Guddu til Íslands, að maður kom að honum og spurði um nafn. Kvaðst hann heita Sigurður Draupnisson og væri af sænskum ættum. spurði Guðríður hví hann hafi logið nafn sitt og mælti hann þá.

Um óvætti og illa anda
Hallgrímur veit mjög að vanda
meðan Íslendingar hey sitt raka
enginn skal Hallgrím til sín taka.

Með því hefur hann átt við að púki hafi verið á ferð.

Höf. Elsa, Kata og Þóra.

Guðríður Símonardóttir — Hallgrímur Pétursson

Eyjólfur B

Guðrún húsmóðir

Hallgrímur Þorleifsson — Símon Þorleifsson

Hallgrímur Þorleifsson → Magnús B. → Magnús B / Runólfur

Magnús B → Árni B. → Magnús B. / Halldóra húsmóðir

Magnús B. → Árni Vigfús → Halldóra → Árni Bergm.

Halldóra húsmóðir → Árni Eiríksson → Gunnar → Styrmir

Runólfur → Magnús B. → Þorkell → Rannveig Kristjana → Ingibjörg Steinnun → Sigríður Bjarnadóttir → Logi Guðbrandsson

Símon Þorleifsson → Þorleifur B. → Hallfríður húsmóðir → Jón Einarsson B. → Guðríður húsmóðir → Bjarni Jónsson B. → Böðvar / Sesselja Ásta

Böðvar → Jón Land

Sesselja Ásta → Ármann Örn Á

## Við tókum viðtöl við allar smiðjur.





*Þjóðsögusmiðja:* Ég heiti Marjatta og okkur gengur sæmilega. Við erum að búa til þjóðsögur og við klárum þetta fyrir fös.

*Vettvangskönnun:* Ég heiti Þórunn M. og okkur gengur mjög vel. Við erum að vinna um staðina þar sem Hallgrímur var og ég held að við klárum þetta fyrir föstudaginn.





*Ættfræðismiðja:* Ég heiti Ágústa og okkur gengur mjög vel. Við erum að búa til ættartré og stefnum á því að klára þetta.

*Söngsmiðja:* Ég heiti Sigurbjörg og okkur gengur bara mjög vel. Við erum að syngja og dansa og ég er 100% viss að við klárum þetta fyrir fös.





*Bókasmiðja:* Ég heiti Björk og okkur gengur bara vel. Við erum í b... og ég held að við klárum þetta fyrir föstudaginn.

*Leikritasmiðja:* Ég heiti Elín og okkur gengur mjög vel. Við erum að setja upp leikrit um Hallgrím og Guðríði og við ætlum að klára þetta fyrir fös.





...smiðja: Ég heiti Bagga og okkur gengur mjög vel. Við erum gera líkingu af Hvalsnesi og við klárum þetta fyrir föstudag

...og bókmenntasmiðja: Ég heiti Þórunn og okkur gengur vel. Við erum ...ra um lífshætti og við klárum þetta fyrir fös.

Danssmiðja: Ég heiti Gunnella og okkur gengur mjög vel. Við erum að gera leikdans um Hallgrím og við klárum þetta fyrir föstudaginn.



Saumasmiðja: Ég heiti Þorbjörg og okkur gengur frábærlega. Við erum búa til stórt veggteppi og við klárum þetta fyrir fös.





Myndasögusmiðja: Ég heiti Helga og okkur gengur vel af því að við vinnum á fullu. Við erum að teikna og skrifa um Hallgrím Pétursson og við erum alveg að klára þetta.

Alþjóðasmiðja: Ég heiti Ragnar og okkur gengur mjög vel. Við erum að vinna um Hallgrím og Guðríði þegar þau eru í útlöndum og við klárum þetta örugglega fyrir föstudaginn.



*Auglýsingasmiðja:* *Ég heiti Einar Sveinn og okkur gengur mjög vel. Við erum að auglýsa helling í skólanum og við klárum þetta örugglega fyrir fös.*



*Blaðasmiðja:* Blaðasmiðjan sá um Þemafréttir í Þemavikunni og þetta blað, Þemakorn. Það er augljóst að þau stóðu sig öll frábærlega!



*Vefsíðusmiðja:* Ég heiti Siggi og okkur gengur vel. Við erum að skrifa upp Passíusálma á risa stórt blað sem við hengjum upp á vegg og við klárum þetta örugglega í dag.

# Vettvangskönnun-Hvalsnes.

Þriðjudaginn 14\3 var farið út á Hvalsnes. Nokkrar ferðir voru farnar með alla nemendur og starfsmenn skólans. Okkar blaðamenn fóru kl.10:00. Meira hossið var nú í rútunni og við skutumst út um alla rútuna. Þegar við vorum komin í kirkjuna þurftu allir taka niður húfur af því að það eru reglur. Reynir sem er formaður sóknarnefndar byrjaði að fræða okkur um Hallgrím og sögu kirkjunnar sem er 113 ára gömul. Hann svaraði öllum okkar spurningum. Við vorum ekki komin aftur fyrr en kl.11:10 og þá fórum við í okkar smiðjur að vinna.

Siguróli og María Rán.



Vettvangskönnun

Tilboðssalan

ummmmm... Fiskur 15 tonn fyrir rík hjón tilboð með bát og færi. Flýtið ykkur ,það stendur í 5 daga



Son guðs ertu með sanni,
Sonur guðs, jésú minn;
Son guðs, Syndugum manni
Sonararf skenktir þinn,
Son guðs, einn, eingetinn.
Syni guðs syngi glaður
Sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.



[illegible]

# Prestsviðtal



Nafn: Björn Sveinn Björnsson.
**Hvað finnst þér um krakkana í Sandgerði:** Mér finnst þau góður hópur.
**Hvernig finnst þér að vera prestur:** Eins og lífið, á sínar gleði og sorgar stundir.
**Hvernig líst þér á þemavikuna:** Mér finnst það frábært framtak.
**Hvað ertu gamall:** 33 ára.
**Hvað hefur þú verið prestur lengi:** Tæp 2 ár.
**Hvar á landinu hefur þú verið prestur:** Í Útskálaprestakalli.
**Hvar ertu fæddur og uppalinn:** Í Reykjavík.
**Hvaða áhugamál áttu:** Bókmenntir,Kvikmyndir og allt sem snýr að fólki.
**Hvað er uppáhálds maturinn þinn:** Vel útreiddur lambahryggur.
**Í hvaða fötum ert þú í á laugardögum:** Oftar en ekki í íþróttafötum.
**Finnst þér Pamela Anderson sæt:** Hún er hugguleg kona en er ekki fyrir minn smekk.
**Stundar þú líkamsrækt:** Já þegar að ég hef tíma fer ég í spinning.
**Sefur þú í náttfötum:** Nei
**Hvað ferð þú oft í klippingu:** Svona einu sinni í mánuði.
**Hvað er fallegasta kona sem þú hefur séð fyrir utan maka:** Ég á erfitt með að gera upp á milli.
**Ertu góður maður:** Kristur sagði það er enginn góður nema guð einn.
**Hver er þinn uppáhálds líkamshluti á konum/körlum:** Ég hugsa ekki um kvenfólk í líkamshlutum hins vegar getur fólkið búið yfir fallegri persónu sem getur lýst sér í bæði hinu ytra sem innra.
**Bókin á náttborðinu:** Á ekki náttborð.
**Spólan í tækinu:** Yfirleitt barnamyndir.
**Eitthvað að lokum:** Ég vona að þemadagarnir verði ykkur öllum eftirminnileg reynsla.

## Viðtal í Miðhúsum.

Nafn: Elín Benjamínsdóttir.
Aldur: 75 ára
Ert þú Sandgerðingur: Nei
Hvernig er að búa í miðhúsum: Alveg ágætt.
Hvaða menntun hefur þú: Lauk barnaskólanámi.
Við hvað hefur þú starfað: Fiskvinnslu.
Hvar ólst þú upp: Á Ísafirði.
Gerið þið eitthvað í sambandi við 1000 ára kristintökuna hér í miðhúsum: Sauma teppi sem fer í safnaðarheimilið.
Viltu segja eitthvað að lokum við krakkana í Sandgerði: Verið góð eins og venjulega.

Nafn: Björn Kristinsson.
Aldur: 69 ára.
Ert þú Sandgerðingur: Nei.
Hvernig er að búa í miðhúsum: Ég bý ekki þar en það er ágætt að koma þangað.
Hvaða menntun hefur þú: Búfræðingur lauk námi í skólanum á Hólum í Hjaltadal.
Við hvað hefur þú starfað: Sjómennsku.
Hvar ólst þú upp: Suður Þingeyjasýslu.
Gerið þið eitthvað í sambandi við 1000 ára kristintökuna hér í miðhúsum: Ég er að reyna að sauma teppi eins og konurnar.
Viltu segja eitthvað að lokum við krakkana í Sandgerði: Að þau ættu að vera stillt áfram.

oppleikhúsið: Leikþáttur um reykingar og afleiðingar þeirra.





*Upplestrarkeppni:* Sigurvegarar voru Katrín Pétursdóttir og Íris Stella Heiðarsdóttir. Þær kepptu í aðalkeppninni í Njarðvíkurkirkju 16. mars.

## Bæjarstjórinn tekinn á teppið

**Nafn:** Sigurður Valur Ásbjarnarson
**Heimili:** Suðurgata 40
**Hvar fæddist þú:** Hafnarfirði
**Hvar ólst þú upp:** Njarðvík
**Hvað ertu gamall:** 50 ára
**Uppáhalds matur:** Fiskréttir
**Uppáhalds drykkur:** Vatn
**Uppáhaldsleikari:** Tom Hanks
**Uppáhalds lag:** Bláu augun þín
**Uppáhalds hljómsveit:** Hljómar
**Uppáhalds litur:** Blár
**Uppáhalds sjónvarpsþáttur:** Vinir
**Uppáhaldsdýr:** Hestar
**Uppáhalds kvikmynd:** Allar myndir með Tom Hanks
**Hver eru áhugamál þín:** Útivist, ferðalög og hljómlist
**Hvernig er draumahúsið þitt:** Húsið mitt á Álftanesi
**Draumabíll:** Sá bíll sem ég ek á hverju sinni
**Reykir þú:** Nei
**Drekkur þú:** Hóflega og sjaldan
**Mottó:** Hver er sinnar gæfusmiður
**Lokaorð:** Það er von mín að Sandgerðisbær verði fallegasti og besti útgerðarstaður landsins.

## Gátur!!!

1. Fjórir ganga, fimm hanga, einn dinglar aftan við, aldrei kemst hann fram yfir. Hvað er þetta?

2. Hvað er það sem stækkar því meira sem þú tekur af því?

3. Allir vilja eiga mig, að mér henda gaman, niður við mig setja sig, og sýna mig þá í framan. - Hvað er ég?

4. Hvað er það sem er heyrnarlaust, mállaust og blint, en segir samt ávallt sannleikann?

5. Hvað er það sem hoppar og skoppar yfir heljarbrú, með mannabein í maganum og gettu nú.

6. Ég er nánasti vinur og ef til vill tvífari þinn. Ég fylgi þér hljóðlaust um allt bæði dag og nótt.

Strákurinn: ,,Pabbi, ég get hoppað hærra en hús"
pabbinn: ,,Hvaða vitleysa barn"
Strákurinn: ,,Jú víst. Hús geta ekki hoppað"

# BRANDARAR.

Mörgæs kom í búð og spurði:
,,Eruð þið með ís?"
Afgreiðslukonan: Nei.
Mörgæsin kom aftur daginn eftir og spurði:
,,Eruð þið með ís?"
Afgreiðslukonan: ,,Nei, ef þú kemur aftur og spyrð um ís þá hengi ég þig upp á nagla"
Mörgæsin kom aftur þriðja daginn og spurði:
,,Eruð þið með nagla?"
Afgreiðslukonan: ,,Nei"
Mörgæsin: ,,En eruð þið með ís?"

Hrefna Kristinsdóttir í 6-R.G.

Gesturinn:,,Hvað varstu gamall á síðasta afmælisdeginum þínum, Bjarki?
Bjarki: ,,Átta ára."
Gesturinn:,, Og hvað verður þú gamall á næsta afmælisdegi?"
Bjarki:,,Tíu ára."
Gesturinn:,,En það getur bara alls ekki verið!"
Bjarki:,,Jú, víst! Það er níu ára afmælisdagurinn minn í dag!"

Kennarinn:,,Þetta fallega og góða epli ætla ég að gefa þeim sem getur sagt mér hvaða maður var mesta mikilmenni sögunnar."
Davíð litli réttir upp hönd og segir:,,Það var Jesús Kristur."
Kennarinn:,,Alveg rétt, Davíð, og þú færð eplið. En ég hef alltaf haldið að þú værir gyðingur?"
Davíð:,,Jú það er ég reyndar. Og þú veist og ég veit að í rauninni var Móses mesta mikilmenni sögunnar-en viðskipti eru viðskipti.

Brandarar eftir Pálu Ólöf í 6-Þ.B.T.

1. Hvað sagði Norðlendingurinn þegar hann sá pítsu í fyrsta sinn?
   Svar: Hver ældi á laufabrauðið.

2. Strákurinn: Mamma, mamma. ,,Finnst þér bökuð epli góð?"
   Mamman: ,,Já, því spyrðu?"
   Strákurinn: ,,Því það kviknaði í eplatrénu"

3. Hvaða zebrahestar eru eins?
   Svar: Tvíburabræður.

Ljóð og brandari eftir Hrefnu Kristinsdóttur í 6-R.G.

Ljóð.

Hallgrímur var prestur,
hann var aldrei æstur.
dóttir hans bjó til ljóð,
og hún var ætíð hljóð.
Dóttir hans var klár í 4 ár,
hún dó 4. ára.

Brandarar.

Kennarinn: „Hvaða spendýr er með engar tennur?"
Nemandinn: „Langamma"

Hvað gerði ljóskan þegar flugan fór í eyrað á henni?
Skaut fluguna.

Íslands minni

Ísland ögrum skorið,
eg vil nefna þig,
sem á brjóstum borið
og blessað hefur mig
fyrir skikkun skaparans;
vertu blessað blessi þig
blessað nefnið hans.

Ásta Mjöll 2-S.P.

Á mér skór ekki tollað getur,
illa fór,
ég skal binda hann betur.

Thelma Dís 2-J.P.E.

Gömul og góð kona kom þar sem lítill strákur sat á gangstéttinni og grét hástöfum.
„Hvað er að þér, góði minn?" spurði hún.
„Það er afmælisdagurinn minn!"vældi sá stutti.„Og ég fékk hjól og nýjan íþróttagalla og núna á eftir á að vera veisla með afmæliskökum og pylsum og ís og bíósýningu á eftir..." og nú komst aumingja strákurinn ekki lengra fyrir gráti og kjökri. „En þetta er indælt,"sagði gamla konan. „Af hverju ertu eiginlega að gráta?"
„Af því að ég rata ekki heim!"

Brandarar.

Einu sinni voru slöngur úti að labba. ein slangan sagði. „Erum við eitraðar?"
Þá sagði hin slangan. „Já, því spyrðu?"
Því ég beit í tunguna mína.

Strákurinn: „Afhverju er himininn blár?"
Afinn: „Sérðu ekki að sólin er að setjast og himinin er rauður"

Pála Ólöf í 6-P.B.T

# Nemendaviðtöl

Nafn:Helgi Karlsson
Fæðingardagur/ár:17 september 1986
Uppáhaldsdrykkur:Kók
Besti matur:Hamborgarahryggur
Besti vinur/vinkona:Bolli
Áhugamál:Fótbolti og stelpur
Draumaprinsessa/prins:Jasmine Bleeth
Draumabíll:Ford mustang
Hver er fyrirmynd þín:Hafsteinn í 9.R.Ö.J
Reykirðu eða drekkurðu:Hvorugt
Uppáhaldslag:Other side
Uppáhaldshljómsveit:Red Hot Chilipeppers
Hvernig líst þér á Hallgrím Pétursson:Hann er flottur
Hvernig var í þemavikunni:Fínt í saumnum
Mottó:Lifa lífinu lifand
Lokaorð:Strákar hættið að klípa í rassin á mér

---

Nafn:Vilhjálmur Arndal
Fæðingadagur/ár:6 Janúar 1984
Uppáhaldsdrykkur:Mix
Besti matur:Grillaðar rækjur með rjómasósu
Besti vinur/vinkona:Rattó
Áhugamál:Karfa,bílar og hestar
Draumaprinsessa/prins:Britney Spears
Draumabíll:Suparu Impreza Turpo
Hver er fyrirmynd þín:Michael Jackson
Reykirðu eða drekkurðu:Ég er í öllu
Uppáhaldslag:Bad touch
Uppáhaldshljómsveit:Metallica
Hvernig líst þér á Hallgrím Pétursson:Ógeðslega illa
Hvernig var í þemavikunni:Leiðinlegt
Mottó:Lifa hratt og deyja ungur
Lokaorð:Bítlanir rúlla

---

**Nafn:** Þórunn María Rikharðsdóttir
**Aldur:** 14
**Fæðingardagur/ár:** 13.júlí 1985
**Bekkur:** 9.R.Ö.J
**Stjörnumerki:** Krabbi
**Besti vinur/vinkona:** Ásta Rós, Silja og Thelma
**Áhugamál:** Fótbolti og fleira
**Hver er fyrirmynd þín:** Cher (djók)
**Draumaprins:** Svenni
**Draumabíll:** BMW
**Draumahús:** Veit ekki
**Besti matur:** Pizza
**Besti drykkur:** 7-Up
**Uppáhaldslag:** Maria með Santana
**Uppáhaldshljómsveit:** Veit ekki
**Reykiru eða drekkuru:** Nei
**Skemmtilegast að gera:** Gera eitthvað skemmtilegt um helgar
**Leiðinlegast að gera:** Þegar ég hef ekkert að gera
**Þægilegustu fötin:** Víðu fötin mín
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Ricke Lake
**Lýstu þér í þremur orðum:** Lítil, hreinskilin og sjálfstæð
**Hvaða hlut finnst þér vænst um:** Kettina mína
**Hvernig líst þér á Hallgrím Pétursson:** Ágætlega
**Skemmtilegasti kennarinn:** Enginn (get ekki gert upp á milli þeirra)
**Hvernig var í Þemavikunni:** Gaman
**Finnst þér valið á frekju ársins rétt:** JÁ
**Mottó:** Skemmtu þér á meðan þú lifir
**Villtu segja eitthvað að lokum:** Bæjó

Hæ, hæ Kæra fréttablað!
Þriðjudaginn 14. mars fór flottasti hópurinn í leiðangurvið að reyna að finna gröf Steinku Halla.
Við löbbuðum og löbbuðum og löbbuðum þangað til við stoppuðum í kirkjugarðinum þá blasti við þrumur og eldingar. Drottinn kallaði á oss og sagði. ,,Leitið hér". Og við byrjuðum að grafa og grafa og við gröfum og gröfum þangað til að við okkur blasti kista og við opnuðum hana og þar sáum við.................... Steinku Hall og þá brá okkur og byrjuðum að syngja. ,,Ó vaknað þú mín Steinka Hall, Steinka Hall.................Steinka Hall.

Höfundar: Pshyco og Keikó



Blaðamenn úr Þemafréttum og Þemakorni eru.

Agnes Valgeirsdóttir 7SP.
Alda María Norðfjörð 1 EIA.
Andri Þór Ólafsson 3ÞB.
Arna Vala Eggerstdóttir 10RG.
Ásdís Gestsdóttir 7SP.
Bolli Thor Bollason 8ÞG.
Erla Dögg Gunnlaugsdóttir 10 SF.
Eydís Sigurðardóttir. 9ESG.
Guðjón Óskar Elfarsson 1EB.
Hafsteinn Rúnar Allan Helgason 9RÖJ.
Hannes Arnar Viðarsson 7ESG.
Helgi Laxdal Helgason 5BJS.
Hjörtur Magni Sigurðsson 4ÞG.
Marel Ragnarsson 4RÖJ.
María Rán Ragnarsdóttir 7ESG.
Ragnar Bjarni Stefánsson 2JÞE.
Rakel Rós Ævarsdóttir 3ÞB.
Sigurður Þórhallsson 5ÞB.
Siguróli Ólafsson 6RG.
Sigurpáll Árnason 8ÞBT.

Svör!!!!

1. Kýr.
2. Hola
3. Spil
4. Spegill
5. Skip
6. Skugginn

# Verkalýðs- og Sjómannafélag Sandgerðis

Stofnað
27. Október 1929